

1611020

SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI UPPSVEITA BS.
Bláskógabyggð/Grímsnes-og Grafningshreppur/Hrunamannahreppur
Skeiða-og Gnúpverjahreppur/Flóahreppur/Ásahreppur

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Laugarvatni, **24.11.2016**
Tilvísun: 1611050 SB

Efni: Rangárþing Ytra: Vindrafstöðvar: Aðalskipulagsbreyting: Umsagnarbeiðni

Á fundi skipulagsnefndar þann 24. nóvember 2016 sl. var erindi þitt tekið fyrir og hlaut það eftirfarandi afgreiðslu:

Lögð fram til umsagnar lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Rangárþings Ytra sem varðar afmörkun iðnaðarsvæðis á um 193 ha svæði norðan Þykkvabæjar. Fyrirhugað er að reisa allt að 13 vindrafstöðvar sem samtals gætu verið 45 MW.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi lýsingu, en áskilur sé rétt til að koma með athugasemdir við málið á síðari stigum þegar nákvæmari gögn um áhrif framkvæmdanna liggja fyrir, sérstaklega hvað varðar sjónræn áhrif og skuggavarp.

Samþykkt skipulagsnefndar hefur verið send viðkomandi sveitarstjórn til staðfestingar. Sá fyrirvari er á þessari tilkynningu um samþykkt skipulagsnefndar að sveitarstjórn staðfesti hana á næsta fundi sínum.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlega hafið samband við embættið.

Virðingarfullt,
Skrifað í Hella,


Sigrún Elín Birgisdóttir
Ritari skipulagsfulltrúa

